



## Íbúafundur

Sveitarstjórn boðar til kynningarfundar um tillögu að deiliskipulagi norðan Valsár.

Fundurinn verður haldinn í Valsárskóla miðvikudaginn 8. febrúar kl. 20:00.

Árni Ólafsson arkitekt mætir á fundinn og fer yfir tillöguna.

Að loknum umræðum um þessa deiliskipulagstillögu mun sveitarstjórn og sveitarstjóri sitja fyrir svörum um almenn mál sem kunna að brenna á íbúum.

---

## Frístundastyrkur

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti á 60. fundi sínum 11. janúar s.l. að hækka frístundastyrk barna vegna ársins 2017 í 21.000 kr.

---

## Næstu rusladagar

26. janúar - Gráa / brúna tunnan

2. febrúar - Græna tunnan

9. febrúar - Gráa / brúna tunnan

# Kirkjan

Gleðilegt nýtt ár!

Kirkjuskóli á vorönn:

Kirkjuskóli er á mánudögum á tveggja vikna fresti eftir skóla á vorönn. Fyrsti kirkjuskólinn er 16. janúar. Þá er krökkum í 1.-4. bekk boðið upp á dagskrá kl. 13:30-14:20 og krökkum í 5.-7. bekk kl. 14:30-15:20. Í kirkjuskóla er sögð biblíusaga, spjallað, spilað, lifað og leikið. Frekari upplýsingar veitir sr. Bolli netfang [bolli.petur.bollason@gmail.com](mailto:bolli.petur.bollason@gmail.com).

Þetta eru dagsetningar kirkjuskóla á vorönn:

16. janúar

6. febrúar

20. febrúar

6. mars

20. mars

3. apríl

Þess má síðan geta að fyrsti sunnudagaskóli vorannar verður 12. febrúar kl. 11:00 í Svalbarðskirkju. Sjáumst þar!

---

## Morgunstundir í Safnaðarstofunni

Morgunstundirnar byrjuðu aftur þriðjudaginn 17. janúar s.l. og verða núna á hverjum þriðjudagsmorgni kl. 11:00.

Allir velkomnir

---

## Frá Lestrarfélaginu

Margt góðra bóka hefur bæst við safnkostinn, verið velkomin. Opið mánudaga kl. 17:00-19:00 auk þess á opnunartíma hreppsskrifstofunnar.

---

# Fjáröflun unglिंगadeildar Valsárskóla

Klósettpappír: 48 WC-rúllur 7.000 kr og 24 rúllur 3.500 kr.

Eldhúspappír: 15 rúllur 3.800 kr. og 5 rúllur 1.300 kr.

Gæðapappír sem er keyrður heim að dyrum. Til að panta pappír má hafa samband við Fjölu Þórhallsdóttur Smáratúni 1, sem tekur við pöntunum í síma 892-0773.

---

## Þorablót Svalbarðsstöndunga árið 2017



Verður haldið í Valsárskóla laugardaginn 4. febrúar. Kjarnafæði býður enn eitt árið upp á þorramat og Næturvaktin frá Egilsstöðum mun spila undir dansi.

Húsið opnar klukkan 20:00 og borðhald hefst klukkan 20:30. Miðaverð er 3.500 kónur.

Hægt er að panta miða í netfanginu [blot@svabardsstond.is](mailto:blot@svabardsstond.is) og á hreppsskrifstofunni í síma 464-5500.



Miðarnir verða afhentir fimmtudaginn 2. febrúar og föstudaginn 3. febrúar frá opnun skrifstofu til klukkan 21:00. Hægt er að borga miðana með því að leggja inn á reikning þorablótsins 0162-26-75098 kt. 681088-3939 og senda kvittun á ofangreint netfang eða með beinhörðum peningum þegar þeir eru sóttir.

Sjáumst hress

Nefndin



# Litið um öxl

Þessi frétt birtist í Degi 1. nóvember 1979:

*Svalbarðseyri:*

## **FJÖLSÍMI UM ÁRAMÓT**

*FYRIR áramót á að vera búið að setja upp notendafjölsímakerfi á Svalbarðseyri og þar með verður lokið því ófremdarástandi sem ríkt hefur í símamálum á Svalbarðseyri. Búnaðurinn sem verður settur upp getur tekið 30 númer, en talið er að álíka margir bíði eftir síma. Búnaðurinn sem keyptur var til Svalbarðseyrar kostar tvo tugi milljóna.*

*“Eins og þetta er í dag eru allir notendur á Svalbarðseyri á sæsíma yfir Eyjafjörð,” sagði Gylfi Már Jónsson, tæknifræðingur hjá Pósti og síma í samtali við blaðið. “Í upphafi kom tvennt til greina. Í fyrsta lagi að leggja nýja sæstreng yfir fjörðinn og fjölga línunum á þann hátt og í öðru lagi að setja upp fjölsímakerfi á milli og losna við nýjan sæstreng. Völdum við síðari kostinn.*

*Gylfi sagði að nýi tækjabúnaðurinn ætti að duga næstu árin, en auðvelt er að stækka stöðina. Búnaðurinn er amerískur að gerð - frá ITT.*

Dagur, 73. tbl. (01.11.1979), bls. 1

[http://timarit.is/view\\_page\\_imit.jsp?pageId=2664995](http://timarit.is/view_page_imit.jsp?pageId=2664995)

---

Ströndungur kemur næst út fimmtudaginn 16. febrúar.